

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 40. fundur skólanefndar

25. nóvember 2008

Mætt: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Guðbjörg Aðalbergisdóttir, Björg Ágústsdóttir, Eyþór Benediktsson, Sigríður Finsen, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fundarritari.

Kjartan Páll setur fundinn og biður fundargesti velkomna.

1. Fjármál

Fjáráukalög eru ekki komin. Búið er að vera í fjölmiðlum 10% lækkun til ráðuneyta. Ekkert hefur komið frá menntamálaráðuneytinu hvað þetta varðar né hvar þessi niðurskurður muni koma niður.

Kjartan Páll, Guðbjörg og Guðrún fóru á haustfund í ráðuneytinu. Halli í dag er um það bil 20 milljónir, þar af eru tæpar 6 milljónir gamli hallinn. Ef til vill mun árið 2008 enda með um 22 milljónir í halla. Ástæður hallans árið 2008 eru miklu fleiri nemendur en áætlun gerði ráð fyrir. Við sáum okkur ekki fært að neyta 30 Snæfellingum um skólavist enda skólinn svæðisskóli. Þessi umframfjöldi nemenda skýrir um 13-14 milljónir hallans. Einhverjir skólar fengu greitt fyrir fleiri ársnemendur en raunverulega stunduðu nám og þar af leiðandi eru ágætis líkur á því að þetta verði bætt að fullu. Þetta telur strax í FSN því launalíkanið byggist að hluta til á fjölda nemenda. Seinni ástæða þessa halla er að ekki var gert ráð fyrir starfsbraut á fjárframlögum 2008. Haustið 2008 tók til starfa á ný starfsbraut með 4 stöðugildum. Ef til niðurskurðar kæmi, hvar getum við skorið niður? Til dæmis dreifnám, vélstjórnarnám og grunnskólanám.

2. Vorönn 2009: áætlaður nemendafjöldi og starfsmannamál.

Haustönn 2008 eru dagskólanemendur um 220 og þar af eru um 20 nemendur að útskrifast. Um 230 nemendur eru skráðir á vorönn 2009 núna (25.11.08). Áætlun gerir ráð fyrir um 276 nemendum vor 2009.

Auglýsing kom í morgunblaðinu um helgina. Auglýst var eftir kennara í 50% stöðu í efnafræði og stærðfræði, 75% í eðlis- og efnafræði og 50% í spænsku. Það vantar meiri heild (styrk) í raungreinakenningu. Náttúrufræðibrautin líður fyrir það og þyrfti að bæta samkeppnistöðu sína gagnvart félagsfræðibrautinni. Guðbjörg er uggandi yfir spænskunni. Auglýst var eftir 50% stöðu í hálf ár. En spænska 100 og 300 hefur verið kennt aðra önnina og svo hina önnina 200 og 400.

3. Vinna við innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla

Innleiðingarvinnan vegna nýju laganna um framhaldsskóla er komin vel á veg hér. Kennarar eru búnir að mæta á tvo fundi þar sem hugarflæði var látið vera í fyrirrúmi

en ekki krónur og aurar. GA spyr hvort skólanefnd hafi hugsað sér að koma eitthvað að þessari vinnu.

Kennarar eru búnir að íhuga hvernig framhaldsskólaprófið verður útfært hér. Ákveðinn hópur mun alltaf vera í brottfallshættu. Fjármunir hljóta að ráða að einhverju leiti hvernig hægt verður að koma til móts við þarfir ólíkra nemendahópa. Kannski þurfa kröfurnar til sumra hópa að vera aðrar. Verknám væri kjörið. Við þurfum að hugsa hvernig við getum komið til móts við þau með það sem við höfum. Gufuskálar hafa lýst yfir áhuga á samstarfi. Skólinn þarf að hugsa um viðtökuskólana. Nemendurnir þurfa að vera vel undirbúnir fyrir háskólanám. Hvernig framhaldsskólaprófið verður útfært hefur ekki verið ákveðið. Einhverjar styttri brautir gætu gengið, til dæmis uppeldisbraut. Við þurfum að passa að sinna bæði getumeiri og getuminni hópum. Skólinn þarf að mæta ólíkum þörfum því langflestir fara í framhaldsskóla í dag. Þessar styttri brautir, til dæmis *uppeldisbraut* eða *viðskiptabraut* þyrftu að enda á einhverri niðurstöðu. Ef til vill gæti *íþróttabraut* gengið hér sem myndi enda með dómara- og þjálfararéttindum. Fullt af tækifærum felast í þessum nýju lögum og þurfum við að reyna að horfa á þau með opnum augum. *Uppeldisbrautin* gæti tengst atvinnulífinu hér á svæðinu og orðið þar með að hluta til verklegt. *Viðskiptabrautin* gæti einnig verið að hluta til verkleg og tengs atvinnulífinu með einhvers konar hætti. *Ferðamálabraut* eða *ferðapjónustubraut* gætu tengst málabrautinni. Á þessari braut væri hægt að búa til góða starfskrafta þar sem viðmót og mannleg samskipti væru kennd. Einnig eiga bæjarfélögin hér í kring ef til vill fullt af verkefnum sem alltaf sitja á hakanum. Þessi verkefni gætu verið tilvalin sem samstarfsverkefni við FSN.

Ákveðið var að þegar kennarahópurinn verður kominn með ákveðnar hugmyndir yrðu þær kynntar fyrir skólanefndinni. Til dæmis verður hægt að fá Gerði G. Óskarsdóttur til þess að ræða þessa innleiðingu þegar hún kemur í heimsókn í FSN í vor. Einnig gæti verið gott inntak að fá sjónarmið nemenda um hvernig staðið verður að innleiðingunni til dæmis með rýnihópi. Eins gætu atvinnurekendur komið með aðra sýn.

Kennarar og annað starfsfólk má ekki gleyma því að við þurfum alltaf að vera að hugsa um útkomuna (learning outcome). Hverju skilar námið í FSN? Hvernig nýtist það veganesti sem nemendur fá upp í háskóla. Kröfur háskólanna þarf að skoða vel, það er lesa, skrifa og reikna. Kannski er hægt að hafa lespróf. Þau þurfa að læra að skrifa ritgerðir og rétt vinnubrögð varðandi heimildaskráningu. Ef nemandi getur til að mynda ekki skrifað mjög góðan texta, þá gerir nemandinn sér grein fyrir því að hann þarf að fá einhvern til þess að lesa yfir.

Næsti fundur í byrjun janúar. Skólameistari mun boða fundinn þegar nær dregur.